



Velferðarráðuneytið  
Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2012  
2010040055/4.2.3/hþ

**Efni: Viðbrögð vegna skýrslu Vísindanefndar ES um PIP brjóstapúða**

Vísindanefnd Evrópusambandsins um nýjar og vaxandi heilsuvár (SCENIHR - *Scientific Committee on Emerging and Newly Identified Health Risks*) gaf út skýrslu þ. 2. febrúar 2012 um öryggi PIP brjóstapúða. Í skýrslunni er farið yfir helstu spurningar sem hafa vaknað um brjóstastækkningar í framhaldi af þeirri staðreynd að falsaðir PIP brjóstapúðar hafa verið græddir í líkama kvenna um allan heim allt frá árinu 2001.

Í framhaldi af þessari skýrslu hefur landlæknir ásamt starfsfólki embættisins og velferðarráðuneytisins og öðrum með faglega þekkingu á málefnum skoðað helstu niðurstöður skýrslunnar og metið þær í ljósi stöðunnar hér á Íslandi. Helstu niðurstöður eru:

- Konur með PIP brjóstapúða hafa falsaða ígrædda púða í líkama sínum. Þessir púðar eru með iðnaðarsílíkoni og samkvæmt skýrslunni er efnasamsetning þeirra mjög breytileg.
- PIP brjóstapúðar hafa hylki sem vísbendingar eru um að leki fyrr en hylki annarra brjóstapúða.
- Við leka frá PIP brjóstapúða er staðfest að bólgusvörun er meiri samanborið við aðra púða og brottnám því erfiðara vegna þessa.
- Vegna bólgunnar sem myndast og áhrifa hennar á nærliggjandi vefi telja hérlendir sérfræðingar að minni líkindi séu til þess að mögulegt sé að setja inn nýja púða samhliða brottnámi gamalla púða.
- Það er mat skýrsluhöfunda að fyrirbyggjandi brottnám brjóstapúða sé skaðminna fyrir konur en brottnám púða þegar þeir leki.

Það er mat landlæknis að fjarlægja beri alla PIP brjóstapúða úr líkama kvenna. Landlæknir byggir mat sitt m.a. á niðurstöðum skýrsluhöfunda og að áhyggjur kvenna með slíka púða hafa neikvæð áhrif á líf þeirra og störf. Ráðlegast er að þær konur njóti forgangs sem finna til einkenna frá púðum sem leki hefur greinst frá. Áhersla er þó lögð á að almennt er ekki um bráðavanda að ræða.

Landlæknir mun í framhaldi af niðurstöðum skýrslunnar setja á heimasíðu sína meðfylgjandi fréttatilkynningu um helstu niðurstöður hennar.

Landlæknir er hér eftir sem hingað til tilbúinn hvenær sem er til viðræðna um það sem snertir embættið og starf þess varðandi PIP brjóstapúða og annað eftirlit embættisins.

Virðingarfyllst,

---

Geir Gunnlaugsson,  
landlæknir